

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-urðun Laugardalur, Húsavík



Dags eftirlits	13.5.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga-urðun	Fulltrúi UST	
Heimili	Víðimóar 2/Laugardalur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	711001-2470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn H. Gunnarsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík frá tillögu að starfsleyfi komu fram. Annars vegar hvað varðar skil á magntölum úrgangs og hins vegar mælingar á stöðu grunnvatns. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Starfsleyfi er runnið út en undanþága frá starfsleyfi vegna reksturs var veitt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 4. mars 2014 sem síðan var framlengd til 15. október 2015 með þeim skilyrðum að starfað sé samkvæmt tillögu að starfsleyfi sem Umhverfisstofnun sendi félaginu þann 26. febrúar sl.

Farið var yfir tillögu að starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. henni.

Skv. starfsleyfistillögunni er heimilt að taka á móti allt að 850 tonnum af úrgangi á ári. Þarf af eru 500 tonn af óvirkum úrgangi og 350 tonn af viðarúrgangi og brotamálum. Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum, nema brotamál og ómengaðan jarðveg sem nýttur er til frágangs á urðunarstaðnum. Óskað hefur verið eftir breytingum frá tillögu að starfsleyfi þess efnis að geymslu á brotamáli og timbri verður hætt en þess í stað óskað eftir heimild til jarðgerðar.

Áformað var að leggja dagsektir á rekstraraðila vegna frávíks er varðar óheimila urðun botnösku í Laugardal. Samkomulag var gert í því máli þar sem botnaskan hafði verið urðuð með öðrum úrgangi og mjög erfitt að skilja hana frá, þakka henni og flytja til urðunar í Stekkjavík. Rekstraraðila ver gert að útbúa sýnatökubrunna fyrir 4. desember 2014 og skv. drögum að starfsleyfi átti að senda eftirlitsaðila niðurstöður fyrstu mælinga fyrir 1. maí sl. Þær mælingar hafa ekki verið gerðar sökum snjóalaga og voru brunnarnir enn undir snjó þegar eftirlitið fór fram.

Búið er að koma fyrir þremur sýnatökubrunnum á svæðinu og kom tilkynning með tölvupósti frá rekstraraðila um að borun væri að hefjast, þann 9. desember sl. Sá Efla verkfræðistofa um ákvörðun á staðsetningu brunnanna og hafa teikningar af staðsetningunni borist eftirlitsaðila.

Gengið var um neðsta svæði urðunarstaðarins og horft yfir svæðið. Snyrtilegt var á staðnum og engin ummerki um fok. Litlar breytingar hafa orðið á svæðinu frá síðasta eftirliti. Svæði fyrir garðaúrgang var ekki skoðað að þessu sinni þar sem það var ennþá undir snjó.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar, hvorki til rekstraraðila, eftirlitsaðila né heilbrigðiseftirlits.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Grein 1.12 í drögum að starfsleyfi

Upplýsingar um magn og tengund úrgangs, ráðstöfun hans, yfirlit yfir sýnatökur og upplýsingar um óhöpp sem senda skal fyrir 1. mars ár hvert til Umhverfisstofnunar hefur ekki borist stofnuninni.

Grein 5.2 í drögum að starfsleyfi

Mælingum á stöðu grunnvatns er ekki lokið en mæla á fyrir 1. maí og 1. október ár hvert.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.


ANNAÐ

Ekki hefur verið boðið uppá endurmenntun starfsmanna en rekstraraðili segir að góð þekking sé til staðar hjá starfsmönnum hvað varðar skilyrði starfsleyfisins og rétta meðhöndlun úrgangs eins og fram kemur í gr. 2.7 í tillögu að starfsleyfi.

Gjald er tekið fyrir móttöku úrgangs og hefur gengið vel að innheimta upp í tilfallandi rekstrarkostnað.

Porkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var einnig viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 20.05.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.